Bókun bæjarráðs Árborgar - úthlutun byggðakvóta 2019/2020

Almennt: Tölvupóstur
Málsnúmer: ANR19100241
Málalyklar: 11.02.07 Úthlutanir aflaheimilda
Eigandi skjals: Jóna Stefánsdóttir
Staða: Lokið

Dagsetningar:
Búið til: 10.01.2020
Dagsetning skjals: 10.01.2020

Upplýsingar um viðskiptavin:
Sveitarfélagið Árborg
Netfang: "Rósa Sif Jónsdóttir" <rosa@arborg

Notandi: "Rósa Sif Jónsdóttir" <rosa@arborg.is>
Dagsetning: 10.1.2020 12:54:54
Til: "Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið" </o=Exchange Government/ou=Exchange Administrative Group (FYDIBOHF23SPDLT)/cn=Recipients/cn=08895adefcb142e6ac5452c619cbcec0-r04p>
Efni: Bókun bæjarráðs Árborgar - úthlutun byggðakvóta 2019/2020

Góðan dag,

Á fundi bæjarráðs Árborgar 9. janúar sl. var lögð fram skipting úthlutunar byggðakvóta 2019/2020. Einnig voru lagðar fram sérreglur sem Sveitarfélagið Árborg samþykkti fyrir liðið kvótaár.

Eftirfarandi var bókað:

Bæjarráð óskar eftir upplýsingum um ástæður skerðingar byggðakvóta frá fyrra ári. Einnig samþykkir bæjarráð að gerðar verði breytingar á úthlutunarreglum Árborgar með sama hætti og á síðasta kvótaári.

Framangreint tilkynnist hér með.

Samkvæmt því verða eftirfarandi skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta fyrir Sveitarfélagið Árborg:

Ákvæði reglugerðar nr. 675/2019 gilda um úthlutun byggðakvóta Eyrarbakka og Stokkseyrar með eftirfarandi viðauka/breytingum:

a) Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur

um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið á tímabilinu 1. september 2018 til 31. ágúst 2019.

b) 2. mgr. 4. gr. fellur brott.

c) Ákvæði 1. og 2. málsl. 1. mgr. 6. gr. breytist og verður:
Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu frá 1. september 2019 til 31. ágúst 2020.

Með kveðju,

signiture

 - image001.jpg